

A 1830/presidet

Flytjandi Forsætisnefndin
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Forsætisnefndartillaga um að ríkisstjórnirnar fjalli um stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda í samvinnu við
Norrænu ráðherranefndina

að þær haldi sig við stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi og veiti
Norðurlandaráði ítarlegt svar um hvort og hvernig ríkisstjórnirnar og
Norræna ráðherranefndin hyggist fylgja þeim mörgu tilmælum sem í
stefnunni felast

að þær færi fyrir því skýr rök gagnvart Norðurlandaráði eigi ekki að fylgja
einhverjum tilmælanna í stefnunni

Bakgrunnur

[Stefna Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi](#) var samþykkt einróma á þingi
Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 30. október 2019.

Með því að byggja á sameiginlegri þekkingu, reynslu og viðbúnaði standa Norðurlönd
betur að vígi gagnvart hugsanlegri neyð og hörmungum. Er því full ástæða fyrir
löndin að vinna saman og hjálpa hvert öðru eftir þörfum. Ríkisstjórnirnar á
Norðurlöndum hafa þegar gert marga mikilvæga samninga sem tengjast
samfélagsöryggi en bæta þarf um betur og framfylgja með kerfisbundnari hætti því
sem ákveðið hefur verið. Stefnan er skýr um hverjar áherslur Norðurlandaráðs eigi að
vera og hún hefur jafnframt að geyma beinar tillögur um hvernig ríkisstjórnir
Norðurlanda geti fylgt þeim eftir.

[Stefnan er fáanleg á skandinavísku, finnsku, íslensku og ensku.](#)



Álit forsætisnefndar

Með þessari forsætisnefndartillögu er stefnan formlega send til ríkisstjórna Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar til að tryggja að henni verði fylgt eftir.

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

Annette Lind (S)

Bertel Haarder (V)

Christian Juhl (EL)

Gunilla Carlsson (S)

Hans Wallmark (M)

Heidi Greni (Sp)

Jorodd Asphjell (A)

Linda Modig (C)

Lulu Ranne (saf)

Michael Tetzschner (H)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frf)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)

Wille Rydman (saml)